

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 7. maí 2021 í máli nr. 10/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 2. febrúar 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem keypt var af varnaraðila hafi verið haldinn galla og krefst aðallega nýrrar afhendingar, til vara útbóta og til þrautarvara skaðabóta. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði vísað frá eða hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 3. febrúar 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 3. febrúar 2021. Athugasemdir bárust í kjölfarið frá sóknaraðila þann 10. febrúar 2021 og frá varnaraðila þann 4. mars 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 5. mars 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili er eigandi bifreiðar af gerðinni Volkswagen Polo, árgerð 2007, sem var að sögn sóknaraðila upphaflega seld ný af varnaraðila til tengdamóður sóknaraðila. Varnaraðili er einnig umboðsaðili framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi. Í kvörtun sinni segir sóknaraðili að bifreiðin hafi farið að gefa frá sér smelluhljóð (e. clicking sound) sem staðfest hafi verið af tilteknu verkstæði, og símleidis af starfsmanni varnaraðila, að stafi af þekktum framleiðslugalla í vél bifreiðarinnar sem ekki sé unnt að lagfæra.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að afhenda sér nýja sambærilega bifreið vegna galla, til vara úrbóta en til þrautarvara skaðabóta. Varnaraðili hefur bent á að bæði lögbundinn kvörtunarfrestur og ábyrgð framleiðanda séu liðin vegna aldurs bifreiðarinnar. Þá hafi bifreiðin ekki komið til skoðunar hjá varnaraðila síðan 6. nóvember 2015.

#### IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili er eigandi bifreiðar af gerðinni Volkswagen Polo, árgerð 2007, sem var upphaflega í eigu tengdamóður sóknaraðila. Að sögn sóknaraðila keypti tengdamóðir hans bifreiðina nýja af varnaraðila. Um slík viðskipti gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Samkvæmt 35. gr. nkpl. getur neytandi beint kröfu sinni að fyrri samningsaðila viðsemjanda síns skv. 35. gr. nkpl. Um svokallað lögbundið framsal er að ræða og gengur þá kaupandi inn í rétt fyrri eiganda gagnvart viðsemjanda hans. Það gerir sóknaraðili í máli þessu og byggir þar með kröfur sínar á hendur varnaraðila á þeim viðskiptum sem áttu sér stað milli tengdamóður sóknaraðila og varnaraðila.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að smelluhljóð hafi farið að heyrast frá bifreiðinni þegar henni hafði verið ekið um 70.000 km. Bifreiðinni hefur nú verið ekið um 80.000 km. Telur sóknaraðili að um þekktan galla sé að ræða. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila vegna málsins þann 24. nóvember 2020, 3. desember 2020 og aftur 18. desember 2020, án árangurs. Voru þá liðin um 13 ár frá því bifreiðin var keypt af varnaraðila.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (hér eftir nkpl.) mælir fyrir um hámarks tilkynningarfresti neytenda vegna galla á söluhlut. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“*

Samkvæmt 1. málslíð 4. mgr. 27. gr. nkpl. glatar neytandi rétti sínum til að bera fyrir sig galla ef hann ber hann ekki fyrir sig innan tímamarka 2. mgr. 27. gr. nkpl. Það gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú, sbr. 2. málslíður ákvæðisins. Ekkert í málinu bendir til þess að víkja megi frá framangreindum hámarkstilkynningarfrestum laganna. Krafa sóknaraðila er því of seint fram komin og tekur nefndin ekki afstöðu til kröfunnar að öðru leyti.

Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

#### V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson